

LÖG

um breytingar á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og skuldbindingar Íslands skv. I. og II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.